

DREKASKÁTAMÓT 2024

ÞRIÐJA UPPLÝSINGABRÉF

Drekaskátamót verður haldið helgina 31. maí – 2. júní 2024



Miðvikudaginn 15. maí kl. 18:00 verður fararstjórafundur á BÍS, Hraunbæ 123. Þar munum við fara yfir hagnýtar upplýsingar fyrir mótið og getum svarað spurningum sem þið hafið. Við hvetjum alla fararstjóra til að mæta! [Boðið verður upp á fjarfund.](#)

Hér eru hagnýtar upplýsingar um mótið:

- **Mæting:**
 - Mæting er á bílastæðinu hjá JB.
 - Innritun er í Strýttunni og við biðjum fararstjóra að koma þangað að skrá inn sitt félag og taka við mótsmerkjum.
- **Tjaldsvæði:**
 - Tjaldsvæði mótsins er við Hvítasunnuflötina, við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki.
 - Þau félög sem vilja vera saman á flöt get sent línu á [mótstjórnina](#) og beðið um að vera með sínu vinafélagi í dagskrá og á tjaldflöt.
 - Félögin sjá sjálf um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið.
- **Matur:**
 - Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald, eldunarbúnað og mataráhöld, við getum útvegað grill.
 - Í boði er fyrir foringja að mæta á fimmtudagskvöldið eða snemma á föstudaginn til að setja upp matartjöld ef þess er óskað.
 - Félögin þurfa sjálf að ákveða hvernig matarmálum er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlega kvöldmáltíð á föstudags- og laugardagskvöldinu.
- **Dagskrá**
 - Við mælum með að þátttakendur komi með [dagpoka](#) fyrir persónulegan búnað. Þá er auðveldara að fara með föt, vatnsbrúsa eða nesti milli dagskrárbíla.
 - Dagskrá mótsins er í viðhengi, hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.
- **Foringjar**
 - Fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þátttökugjald fyrir einn foringja.
 - Foringjar og fararstjórar þurfa að senda póst á [mótstjórnina](#) með *nöfn* eða *kennitölu* þeirra foringja sem þarf að skrá á mótið.

Allar spurningar má senda á drekaskatamot@skatarnir.is

